

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipar stjórn Kvenfélagsins „SIF“, Patreksfirði ásamt Helgu Guðjónsdóttur, Mýrum 4, Patreksfirði, sem er fulltrúi stofnanda í stjórninni og jafnframt að hans ósk formaður sjóðsins. Við fráfali Helgu eða brottflutning af svæðinu, tekur formaður Kvenfélagsins „SIF“ við formennsku í sjóðnum. Leggist starfsemi Kvenfélagsins „SIF“ niður, tekur Heilsugæslustöð Patreksfjarðar við vörslu sjóðsins og verður stjórn hennar þá jafnframt stjórn hans.

6. gr.

Sjóðstjórnin semur reikninga sjóðsins árlega og skulu þeir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

7. gr.

Samkvæmt heimild stofnanda má með samþykki dómsmálaráðuneytisins breyta skipulagasskrá þessari ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

18. nóvember 1985

Nr. 425

REGLUGERÐ**um búfjárhald á Eyrarbakka.**

1. gr.

Búfjárhald (nautgripa, hrossa, svína, sauðfjár, geita og alifugla) er bannað á Eyrarbakka nema með leyfi hreppsnefndar Eyrarbyggðarhreyfingar að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a) Búfjáreigendur skulu jafnan hafa fullnægjandi aðstöðu til þess að halda búfé, bæði hvað varðar húsakost og fóður. Þeir skulu gæta þess að fjöldi búfjár þeirra sé innan þeirra marka, sem hreppsnefnd hefur tiltekið í leyfi sínu. Forðagæslumenn skulu fylgjast með því að reglur þessar séu haldnar.
- b) Aðbúnaður búfjár og meðferð þess skal jafnan vera í fyllsta samræmi við ákvæði laga um búfjárrækt og dýravernd. Þá er búfjáreigendum skylt að hlíta hvers konar fyrirmælum um hreinlæti og heilbrigðishætti.
- c) Búfé skal ávallt vera í öruggri vörslu búfjáreigenda. Þeir bera fulla bótaábyrgð á öllu því tjóni, sem búfé þeirra kann að valda.
- d) Ef breyting verður á eignarhaldi búfjár, ber að gera hreppsnefnd grein fyrir því, sem þá ákveður um framhald leyfisveitingar.

2. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi samkv. 1. grein skal senda skriflega umsókn til hreppsnefndar. Í umsókn skal gera grein fyrir fjölda búfjárens, sem óskað er leyfis fyrir, hvernig geymslu þess verði háttað og öðru sem máli kann að skipta.

3. gr.

Telji hreppsnefnd að skilyrði séu fyrir hendi skal hún veita leyfið og veita það í ákveðinn tíma. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t. d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt má afturkalla leyfið að undangenginni viðvörðun.

4. gr.

Ef maður heldur búfé án heimildar samkv. reglugerð þessari skal lögreglustjórinn í Árnessýslu hlutast til um, að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða slátra því að undangenginni aðvörðun. Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins, þannig að það valdi tjóni eða óþrifum.

5. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið að búfjáreigendur skuli árlega greiða leyfisgjald fyrir búfé sitt. Má ákveða gjald fyrir hvern grip, sem leyfi er veitt fyrir eða ákveðna upphæð fyrir hvert leyfi. Þar að auki skulu búfjáreigendur standa straum af öllum kostnaði, sem sveitarfélagið kann að verða fyrir vegna búfjárins.

6. gr.

Sá sem leyfi fær til búfjárhalds er ábyrgur fyrir vörslu þess og ber ábyrgð á tjóni, sem það kann að valda vegna óhollustu, óþrifnaðar, mengunar eða með ágangi á lönd eða eignir annarra. Eigandi búfjár ber enn fremur ábyrgð á öllum kostnaði, sem kann að verða við handsömun og varðveislu þess. Selja má búfé til lúkningar kostnaði, ef eigandi greiðir hann ekki.

7. gr.

Leyfi til búfjárhalds skuldbindur hreppsnefnd ekki til þess að sjá leyfishöfum fyrir beitilandi handa búfé, girða innan marka þéttbýlis á Eyrarbakka né veita þeim aðra aðstöðu til búfjárhaldsins. Stefnt skal skipulega að því, að allt búfjárhald flytjist út fyrir íbúðabyggð á Eyrarbakka á skipulagt svæði fyrir gripahús. Skal allt búfjárhald vera komið á það svæði í síðasta lagi á árinu 1990.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum samkvæmt lögum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 44/1964 um búfjárhald í kaupstöðum og kaupúnum til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 18. nóvember 1985.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Pórhildur Línal.